

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

#### *Markavegur 1-9. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarráð Kópavogsbæjar þann 25. ágúst 2016 breytt deiliskipulag fyrir Markaveg 1-9. Í breytingunni felst að staðsetning bílastæða sunnan hesthúsalóðanna breytist. Bílastæði sem eru innan lóða og liggja þvert á Markaveginum færast út fyrir lóðamörk hesthúsalóða og verða samsíða Markavegi. Lóðamörk hesthúsalóða til suðurs breytast og bílastæðum fækkar úr 44 í 27.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Boðaping 14-16 og 18-20. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarráð Kópavogsbæjar þann 25. ágúst 2016 breytt deiliskipulag fyrir Boðaping 14-16 og 18-20. Í breytingunni felst að íbúðum fjölgar um tvær í hvoru húsi þannig að í stað 34 íbúða verða 36 íbúðir. Umfang og stærðir haldast óbreyttar.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Dalaping 5 og 5a. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 28. september 2016 breytt deiliskipulag fyrir Dalaping 5 og 5a. Í breytingunni felst að í stað einbýlishúss verði parhús byggt á lóðinni. Byggingarreitur færir til norðurs um tvo metra og verður grunnflötur eftir breytingu um 230 m<sup>2</sup> og heildarbyggingarmagn parhússins um 460 m<sup>2</sup>. Bílastæðum fjölgar um eitt. Heimilt verður að byggja svalir á norðvesturgafli húss og suðvestur- og norðausturhlíð húss.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 29. september 2016.*

**Birgir Hlynur Sigurðsson** skipulagsstjóri.